



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Klébergsskóli – Leikskólinn Berg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmönnum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum	5
3 Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári	7
4 Ytra mat	11
5 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	13
6 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	15
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	16
8 Foreldrasamvinna.....	16
9 Samstarf leik- og grunnskóla	17
10 Skipulagsdagar.....	18
11 Fylgigögn.....	19
11.1 Umsögn foreldraráðs.....	19

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahlald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans Bergs

Leikur – samvinna - virðing

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Haustið byrjaði með lífi og fjöri hérna hjá okkur á Bergi. Það var nokkur hreyfing í starfsmannamálum og með nýju teymi komu nýjar áherslur. Það kom til okkar leikskólaráðgjafi og byrjað var á nýjum verkefnum með nýjum markmiðum. Allt sem miðast að því að bæta starfið með börnunum þar sem velferð þeirra og nám er leiðarljós í öllu starfi. Þar sem þau geta ræktað styrkleika sína og hæfni með hjálp frá metnaðarfullu starfsfólki.

Ákveðið var að innleiða Vináttuverkefnið Blæ sem er forvarnaverkefni gegn einelti. Allir starfsmenn fóru á námskeið til að tileinka sér námsefnið. Í samvinnu með Klébersskóla var ákveðið að fara af stað með þróunarverkefni í læsi. Það tókst mjög vel og er komið til að vera. Í framhaldi af þróunarverkefninu okkar var ákveðið að bæta „Lubbi finnur málbein“ með í verkefnið, en það er kennsluáferð sem er notuð er til að auka málþroska barn. Það hefur gefist vel og verður áfram.

Einkunnarorð leikskólans eru Leikur, samvinna og virðing. Í því samhengi höfum við verið að meta umhverfið okkar á leikskólanum og hvernig við komum fram við hvert annað. Er umhverfið aðlaðandi og líður okkur vel í því? Er það barnvænt? Við höfum fengið börnin í lið með okkur að breyta og bæta og verðum áfram í þeirri vinnu. Það sama á við um samskipti milli okkar allra. Sýnum við hvert öðru virðingu og erum við dugleg að leyfa sjónarmiðum barnanna að koma fram? Þessa vinnu munum við setja í umbótaáætlun og vinna markvisst að á næsta skólaári.

Við erum svo heppin hér á Bergi að náttúran er hér allt um kring. Síðastliðið skólaár vorum við dugleg að vera í fjörunni, skoða fuglana og annað dýralíf. Auk þess sem börnin hreinsuðu reglulega rusl úr fjörunni og nágrenninu. Á næsta skólaári munum við endurvefja útikennslustofuna okkar og vinna enn markvissara að því að læra um og vernda náttúruna.

Það er mikil samvinna milli leikskólans, grunnskólans og frístundarinnar á Klébergi. Elstu börn úr leikskólanum fóru reglulega upp í skóla á vormánuðum þar sem þau sátu kennslustundir og fóru í frímínútur. Þau fóru líka reglulega í heimsókn í Kátakat sem er frístundaheimilið í Klébergsskóla. Einnig njótum við þess að hafa aðgang að íþróttahúsinu sem er mikil búbót fyrir okkur hér á Bergi, hægt að æfa allskonar íþróttir í stóru plássi. Bæði skólastigin eru þátttakendur í Grænfánaverkefninu. Næsta vetur verðum við með sameiginlegt þema sem börnin völdu á lýðræðislegan hátt. Munu skólarnir vinna saman að því þema.

2 Um innra mat í leikskólum

Í vetur hefur mikil endurskipulagning átt sér stað í leikskólanum, bæði í faglegu starfi og umhverfi. Leikskólinn var skoðaður með augum barnanna og þau fengu að tjá sig um hverju þau vildu breyta. Sumt af því er komið til framkvæmda. Keyptir voru sófar inn á deildir, bætt var við spilum, leikföngum og bókum. Búnir til sérstakir leskrókar, borð færð til að auka rými á deildum. Þetta er vinna sem enn er í gangi og er reglulega endurmetin af starfsfólki og börnum. Það er gert á deildarfundum og í hópastarfi með börnunum. Einnig er verið að vinna í starfsumhverfi kennaranna, stefnt er að því að kaupa sófa og borð á kaffistofu.

Aðaláherslur í faglegu starfi síðastliðinn vetur var markviss málörvun, náttúran og félagsfærni. Í október og nóvember var farið í lestarátak sem fékk nafnið Lestarormurinn. Markmiðið með því var að auka málþroska barna á öllum aldri. Auka áhuga barnanna á bókum, lestur á leikskólanum og heima fyrir. Það gekk mjög vel og jókst lestur mikið. Þetta átak er komið til að vera.

Í samvinnu við grunnskólann fór af stað þróunarverkefnið „Læsi í sameinuðu skóla- og frístundastarfi á Kjalarnesi“ og gekk það vel. Við skipulögðum okkur vel, börnin hjálpuðu okkur að velja bækur / ljóð og það var unnið markvisst með hvert verkefni í vissan tíma og svo endað á uppákomu. Efling hljóðkerfisvitundar var markvisst þjálfuð með börnum í allan vetur.

Kennsluefnið Lubbi er komið inn á báðar deildir og unnið markvisst með hljóð bókstafanna gegnum söng og leik.


Blær er vináttuverkefni sem er hugsað til að koma í veg fyrir einelti, þróa getu barna til að setja sig í spor annara og sýna hvert öðru tillitsemi. Þetta verkefni var innleitt hjá okkur á haustmánuðum og var unnið markvisst með það allan veturinn. Það ýtir undir félagsþroska og umburðarlyndi. Okkur finnst þetta verkefni hafa gengið vel og höldum ótrauð áfram.

Endurmat og umbótaáætlanir hafa verið gerðar reglulega í vetur á þessum þremur þáttum sem eru hér að ofan. Fleiri þættir verða teknir inn í umbótaráætlun fyrir næsta skólaár, foreldrasamvinna, hvernig er tekið á móti erlendum börnum og foreldrum þeirra. Hvernig við vinnum að góðum starfsanda og endurmenntun starfsfólks. Velferð og líðan barna, lýðræði og þátttaka barna í starfinu á leikskólanum. Þau fá líka að tjá sig og taka þátt í hvernig umhverfi leikskólans er útbúið.

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru

farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólstarfi.



Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólstarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

3 Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári

Innra mat Álfasteins (eldri börnin)

Læsi og lesskilningur. Farið var af stað með þróunarverkefnið „Læsi í sameinuðu skóla- og frístundastarfi á Kjalarnesi“ sem byggir mikið á byrendalæsi. Það verkefni gaf okkur mikla innspýtingu og voru gerðar áætlanir þar sem tekinn er fyrir gæðatexti og unnið með hann. Mest var unnið í þessu með elstu börnunum, þetta gafst mjög vel og er þetta gott verkfæri til að vinna með í eflingu læsis og lesskilnings. Þar sem verkefnin eru brotin upp og farið í allavega vinnu út frá þeim texta sem lesinn var. Deildarstjóri sá um og bar ábyrgið á verkefninu.

Niðurstöður og úrbætur: Verkefnið gafst vel og höfum við náð að þróa okkur áfram í átt að markvissri læsiseflingu. Niðurstöður Hljóm-2 sýndu framfarir hjá börnunum. Þetta verkefni er komið til þess að vera og verður gaman að þróa það og bæta í framtíðinni.

Markviss málörvun er rauði þráðurinn í allri vinnu á Álfasteini, orð sett á hluti og athafnir. Spjall um daginn og veginn þegar tækifæri gefst, fastar lestarstundir og matartíminn er markvisst notaður í að læra ljóð, taka sundur orð og setja saman, ríma, tala um andstæð orð og orð sem þýða það sama. Börn af erlendum uppruna og börn með stuðning fengu auka tíma í litlum hópum í spilum og lestri þar sem þau voru hvött til að segja frá og endurtaka. Sjónrænt skipulag er á deildinni sem hjálpar þeim sem eru slakir í tungumálinu að átta sig á hvernig skipulagið er. Dúddi er bangsi sem fer heim með elstu börnunum u.þ.b eina helgi á vetri. Þegar þau koma með hann til baka á leikskólann þurfa þau að segja frá hvað Dúddi gerði með þeim um helgina. Það er mikil málörvun sem fer fram í því að muna og setja saman frásögn fyrir framan hóp. Sérstaklega er gaman af hvað erlendu börnin voru dugleg að tjá sig. Það finnst líka öllum svo vænt um Dúdda.

Tillitssemi og framkoma. Það var mikið unnið með framkomu okkar, barna og starfsmanna í garð hvors annars. Þar sem þjálfun fólst í því að minna börnin á nota falleg orð og koma vel fram við hvort annað. Starfsfólkið skoðaði samskipti sín við börnin og annað starfsfólk. Í þessari vinnu var unnið markvisst með vináttuverkefnið Blæ.

Niðurstöður og úrbætur: Þetta er verkefni sem mikið þarf að vinna með, þarf endalaust að minna á. Mikilvægt er að fundir séu mjög reglulega og ört til að árangur náist. Markmiðið með þessari vinnu er að öllum líd vel í leikskólanum. Samskiptin séu hreinskiptin, opin og jákvæð og borin sé virðing fyrir margbreytileikanum. Viðmið um árangur er að uppfylla öll viðmið sem koma fram í fimmta kafla í Viðmið og vísbendingabæklingnum. Foreldralistinn var ekki lagður fyrir en við munum gera það næsta vetur.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgða raðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Tillitssemi og framkoma	Að bæta staðarbraginn með sérstakri áherslu á vinnu með tillitssemi og framkomu	Vera fyrirmyndir Vínafundir með Blæ Samvinnusáttmáli Foreldrasamvinna Deildarfundir	Feb- mars 2018	Deildarst.	Í lok mars með samtali við starfsmenn og börn	Að uppfylla öll viðmið sem koma fram í fimmta kafla í viðmið og vísbendingabæklingnum.
Læsi og lesskilngur	Megin markmið er að börnin nái góðum árangri í læsi í sem víðustum skilningi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Gengið er út frá því að börn þurfi efnivið sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð, hvetur þau til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf.	Því er margs konar gæðatexti lagður til grundvallar í náminu og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða og annað. Við notum bókina <i>Lubbi finnur málbein</i> með til hliðsjónar og til að brjóta aðeins upp og dýpka stafainnlögn. Í Lubba eru lög sem fylgja hverjum staf/hljóði. Börnin eru fljót að læra textana og syngja hástöfum með sem gerir þeim mjög gott og höfum við fregnir af því að þessi vinna hafi skilað sér í grunnskólann.	Sept - maí 2019	Deildarst.	Starfið verður metið á deildarfundum, deildarstjórafundum og á starfsdegi að vori, með spurningarlistum. Lagðar verða fram spurningar sem samdar eru af stjórnunarteymi skólans. Allt starfsfólk, stjórn foreldrafélags og börn.	Hljóm – 2 niðurstöður

Við viljum styrkja málvitund barna og veita skipulega málörvun sem ýtir undir færni barnanna í tungumálinu.

Við reynum eftir fremsta megni að efla hljóðkerfisvitund barnanna með allskyns leikjum þar sem við rímum, setjum saman orð og tókum þau sundur, lærum þulur, vísur og söngva.

Innra mat Dvergasteins (yngri börnin)

Hópastarf. Hópastarfinu var breytt, hópum fækkað og skipaður verkefnastjóri fyrir hvern hóp. Verkefnastjóri sá um að útbúa verkefni við hæfi eftir því hvaða þema var verið að vinna að. Hver hópur fer einu sinni í viku í markvisst hópastarf og hinir hóparnir fara í könnunarleik og frjálsan leik á meðan.

Niðurstöður og úrbætur. Með þessu náum við betri árangri og tíma fyrir hópastarfið. Unnið verður áfram með þetta.

Málörvun. Erum að vinna með *Lubbi finnur málbein*, þar syngjum við lög, búum til hljóð bókstafanna og sláum taktinn. Kennarar leggja sig fram við að fara í hæð barnanna og endurtaka það sem þau segja. Bæta við orðum og setjum orð á athafnir og hluti. Í hópastarfi er markviss málörvun einn af föstu punktunum. Það er unnið með myndir, leikföng, hljóð og lesnar bækur. Nýlega voru hljóðaspil keypt og eru þau mikið notuð til málörvunar. Mjög sýnilegt hvað lestarormurinn hvatti foreldra til lesturs heima fyrir. Börn af erlendum uppruna og börn með stuðning fengu auka tíma í litlum hópum í spilum og lestri þar sem þau voru hvött til að segja frá og endurtaka. Málörvun fór líka mikið fram í frjálsum leik. Kennarar fóru með börnunum í leikinn og bættu við orðum og orðasamböndum.

Niðurstöður. Börnunum fannst gaman að syngja lögin um Lubba. Þau voru fljót að læra þau og kennarar lögðu sig fram um að tala um hvað lögin eru. Það hjálpar börnunum að skilja samhengi og hvað einstaka orð þýða. Eftir að hóparnir urðu fámennari í hópastarfi náðu kennarar að vinna

markvissara að málörvun. Hver stund byrjaði markvisst á málörvun í einhverri mynd áður en önnur verkefni voru tekin fyrir. Það var mat kennara að börnin hefðu sýnt verulega framför meiri og fjölbreyttari orðaforði og skilningur þeirra á tungumálinu tók framförum. Fannst það í samtölum við börnin og hvernig þau tjáðu sig. Setningar lengdust og þau gerðu sig betur skiljanleg hvað þau vildu gera eða ef þeim vantaði eitthvað. Spjölluðu líka meira saman sín á milli.

Skipta börnunum niður í fleiri hópa (færri börn í hóp)

Niðurstöður. Kom mjög vel út. Kennarar voru mjög sáttir við þessa breytingu og börnin voru úthaldsbetri í verkefnum. Hver einstaklingur naut sín betur og fékk meiri athygli. Við munum halda þessu áfram.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hópastarf	Bæta starfið með yngri börnunum.	Fækka hópum og skipa verkefnastjóra	Jan til feb 2018	Deildastjóri	Starfsmenn ræddu saman á deildafundi.	Markvissari vinna með færri einstaklingum. Börnin nutu sín betur og fengu meiri einstaklingsathygl i. Börnin voru einbeittari og höfðu meira úthald í leik og starf.
Málörvun	Auka orðaforða hjá börnunum og auka skilning	Setja orð á athafnir og hluti, endurtekning.	Jan til mars	Deildastjóri	Starfsmenn ræddu saman á deildafundi	
2018-2019 Skipta börnunum	Minnka álag og áreiti inn á deild. Að hvert barn fái meiri einstaklings-athygli.	Skipta börnunum niður í smærri hópa á fleiri staði	Mái til júlí 2019	Deildastjóri	Starfsmannafu ndir, samtöl við foreldra	Að það skapist meiri ró í hópunum og hvert barn geti notið sín betur.

4 Ytra mat

Leikskólinn Berg hefur ekki farið í gegnum ytra mat í nokkurn tíma. Leikskólinn hefur gengið í gegnum flókið tímabil sem einkenndist af stjórnendaskiptum, sundurslitum og sameiningu. Nú erum við hins vegar komin á fullt í uppbyggingu og framtíðaráformin eru mikil.

Þónokkur óánægja mældist í foreldrakönnun sem framkvæmd var af SFS á skólaárinu 2016-2017, á fyrstu mánuðum sameiningarinnar. Þar komu fram ábendingar um ýmislegt sem betur mætti fara og hafa þær ábendingar verið teknar inn í innra matið okkar. Næsta foreldrakönnun verður gerð vorið 2019.

Starfsmannakönnun SFS var lögð fyrir alla starfsmenn Reykjavíkurborgar skólaárið 2017-2018. Mjög lágt hlutfall starfsmanna svaraði könnuninni í þetta skipti og enn færri í könnuninni sem gerð var árið áður (niðurstöður ekki birtar). Því er erfitt að bera saman viðhorf starfsmannanna milli ára. Við kynningu á niðurstöðunum á starfsmannafundi sl. vetur kom hins vegar glögg í ljós að starfsmenn voru sammála um að margt væri betra en áður. Þar má nefna upplýsingaflæði, vinnustaðarmoral og skipulag sem starfsmenn tjáðu sig um. Þó var vinnuálagið enn að sliga fólk og var sá þáttur sem kom hvað verst út, líkt og hjá öðrum leikskólum í Reykjavík. Starfsmannavelta hvílir þungt á fólki og við þurfum að gera betur í móttöku nýrra starfsmanna. Það er ljóst að við höfum verk að vinna varðandi líðan starfsmanna og er það nú þegar komið inn í umbótaáætlun okkar fyrir komandi vetur, meta jafnt og þétt á starfsmannafundum og í könnun í vor.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Samskipti milli barna,	Jákvæðu andrúmslofti sem einkennist	Starfsfólk með því að líta í eigin	Sept 2018 fram að vori 2019	Aðstoðarleikskól astjóri, ásamt öðru starfsfólki	Deildarstjóra fundir, deildarfundir	Uppfylla öll viðmið sem koma fram í

framkoma starfsfólks gagnvart börnum og öðru starfsfólki.	af virðingu, trausti og umhyggju	barm, samtölum og hjálpa hvert öðru			videó þar sem starfsfólk getur séð og hlustað á sjálf sig. Minnispunkt ar	fjórða kafla í viðmið í vísbendingabæklingnum. bls : 38
Samskipti barna gagnvart hvort öðru og kennurum.	Kurteisi, virðingu gagnvart öðru fólki og skoðunum þess	Umræðum, Vináttuverkefnið Blær, leikrit og samvinnu verkefnum	Sept 2018 fram að vori 2019	Deildarstjórar	Vidó, umræðutímar, myndir, hljóðupptökur	Uppfylla öll viðmið sem koma fram í vísbendingabæklingnum bls : 41

Á vormánuðum var unnið að úttekt á sameiningum leikskóla Reykjavíkurborgar. Drög að skýrslunni hafa verið gefin út til umsagnar en lokaskýrslunnar er að vænta á haustdögum og verður hún þá kynnt. Gagna var aflað með því að tala við fulltrúa foreldra, foreldraráð leikskólans, fulltrúa starfsmanna og stjórnanda.

5 Stutt greinagerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Sérkennsla í leikskólum byggir á lögum um leikskóla frá 1. október 2008, Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, sem og stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum. Börn, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni í leikskólanum undir handleiðslu sérfræðinga.

Leiðir að markmiði

Allt utanumhald eins og til dæmis skipulag, samskipti við stoðþjónustu og aðra fagaðila utan leikskóla, útfærsla þjónustu, markmiðsetningar, þjálfun og mat tengt nemendum með sérþarfir, sér sérkennslustjóri um.

Þeir sem hafa fengið sérkennsu á skólaárinu 2017 – 2018 eru samtals 11 nemendur. Þrír nemendur hafa stuðningstíma alls 10 tímar á dag. Níu nemendur hafa verið í sérkennslu í málörvun, þrír nemendur hafa fengið aðkomu hegðunarráðgjafa og fjórir nemendur fengið aðkomu talmeinafræðings. Einhverjir eru með fjölpættan vanda.

Stuðningur við nemendur er þannig háttað að aukinn mannaflí er á deildum og bera allir starfmenna jafn mikla ábyrgð á því að fylgja eftir þeim markmiðum sem eru í einstaklingáætlunum.

Sérkennslustjóri ásamt deildastjórum sjá um að leggja fyrir TRAS og Hljómur-2 til að skima nemendur og finna þá sem eru með frávík í þroska og þurfa frekari stuðning eða snemmtæka íhlutun .

Sérkennslustjóri sér um gerð einstaklingsnámskráa í samstarfi við deildastjóra og foreldra. Þeir nemendur sem hafa stuðningstíma eru með formlegt teymi og eru haldnir reglulegir fundir með aðkomu sérkennsluráðgjafa frá Miðgarði.

Fræðsla til starfsfólks og miðlun upplýsinga hefur verið þannig að fundargerðir fara inn á deild og ber starfsfólkið að lesa þær og kvitta fyrir. Sérkennslustjóri hefur settið deildarfundi þar sem farið er yfir verklag og vinnubrögð. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel.

Facebook hópur er notaður til að miðla upplýsingum um aðferð og hvar ákveðnir hlutir eru, ekki eru settar persónuupplýsingar inn á þennan hóp.

Markmið:

Starfsfólk tileinki sér að nota sjónrænt skipulag með þeim börnum sem það þurfa. Setja upp myndir fyrir daginn og nota töflumiða. Nota sjónrænt skipulag í fataklefa bæði almennt og einstaklingsmiðað.

Ábyrgðamaður sérkennslu er Ásdís Hallgrímsdóttir

Hvernig og hvenær verður markmið metið: á deildarfundum.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Starfsfólk noti einstaklingsmið að sjónrænt skipulag		Ágúst 2018 – júní 2019	Sérkennslu - og deildarstjóri	Endurmat á deildarfundum, minnispunkt ar	Eru börnin að koma að tilbúnni töflu á morgnana, eru töflurnar að hjálpa þeim eru þau öruggari

6 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Fjölmening er þar sem samskipti eru milli menningarheima innan sama samfélags. Í leikskólanum Bergi er fólk með misjafna menningu. Á skólaárinu voru níu þjóðerni í leikskólanum og 14 börn og þrír starfsmenn af erlendum uppruna. Markmið leikskólans byggir á fjölmeningarstefnu Reykjavíkurborgar sem felur í sér að bjóða öll börn á leikskólaaldri velkomin í leikskólann og með því fögnum við margbreytileikanum.

Leitað er leiða eins og kostur er til að mæta nemendum svo að þeir geti verið virkir þátttakendur í leikskólastarfinu. Samskipti við foreldra af erlendum uppruna eru mikilvæg og eru túlkajónusta notuð til að stuðla að góðum samskiptum. Þegar nemendur byrja í leikskólanum eru foreldrar upplýstir um réttindi þeirra og skyldur í íslensku samfélagi ásamt því hvað hægt er að nálgast upplýsingar um leikskólann.

Upplýsingar og auglýsingar frá leikskólanum eru settar á facebook og á veggj leikskólans, kappkostað er við að setja efnið líka á ensku. Ef efni eða upplýsingar eru til á öðru tungumálum er því komið á framfæri.

Markmið:

Til þess að efla orðaforða og skilning nemenda á íslensku máli hefur verið kvatt til bókalesturs heima. Þetta verkefni er leið til að efla málþroska nemenda en í gegnum lestur á eigin tungumáli eflist og styrkist undirstaða máls og auðveldar máltöku á íslensku.

Við höfum því fengið bókakistu frá Bókasafni Reykjavíkur og í henni eru bækur á þeim tungumálum sem töluð eru í leikskólanum. Bókakistunni hefur verið komið fyrir á sýnilegu stað og hittur setta upp svo bækurnar séu sýnilegar. Nemendum og foreldrum gefst kostur á að fá lánaðar bækur í bókakistunni og fara með heim og lesa.

Hver er ábyrgur:

Stjórnendur

Hvernig og hvenær verður markmið metið:

Fjölmeningarstarfið er metið á deildarfundum og skráningarbók hjá bókakistunni.

Það er fyrirhugað veturinn 2019 til 2020 að starfsfólk hengi upp myndir og algengar setningar á tungumálum barnanna sem eru hjá okkur. Þannig lærir starfsfólk einfaldar setningar og getur tjáð sig smá við erlendu foreldrana. Þetta hjálpar líka erlendu börnunum að átta sig á hvaða leikföng eru hvar og hvað húsakynin heita. Einnig munum við hafa menningaviku í febrúar þar sem við kynnum okkur menningu annarra landa á ýmsan hátt.

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram að vori, frá mars til júní. Starfsþróunarviðtölin voru boðuð með fyrirvara og fengu starfsmenn blað með efni til að ígrunda fyrir viðtalið. Viðtölin vörðu flest í um klukkustund og fóru fram á skrifstofu skólastjóra.

Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

Á síðasta ári fóru starfsmenn á ýmis námskeið s.s. útiildun, útikennslu, íslenskunámskeið, Lubbanámskeið, námskeið í vináttuverkefninu um Blæ (bæði grunnnámskeið og tónlistarnámskeið) og námskeið um könnunarleiki.

2018-2019 verður haldið áfram að fræða starfsfólkið, þeir starfsmenn sem eiga eftir að fara á námskeið um Lubba og Blæ munu fara á námskeið nú á haustönn. Deildarstjórar munu fara á leiðtoganámskeið sem verður á vegum Reykjavíkurborgar. Einn starfsmaður mun fara á Fagnámskeið 1 hjá Eflingu. Deildarstjóri og sérkennslustjóri munu fara á námskeið í Tras.

2018-2019 verður haldið áfram að fræða starfsfólkið um byrjendalæsi, félagsfærni, umhverfið og almennt um málörvun

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing): Aðstoðarskólastjóri fer á byrjendalæsisnámsstefnu og ráðstefnu á Akureyri (14. – 15. september) á vegum Háskólans á Akureyri, ásamt kennurum úr grunnskólanum.

8 Foreldrasamvinna

Skólaráð grunnskólans og foreldraráð leikskólans er sameinað ráð sem fundar reglulega samkvæmt starfsáætlun sem ráðið setur í upphafi skólaárs. Í foreldraráðinu sátu þrjú foreldrar barna í leikskólanum en tveir áttu einnig börn á grunnskólaaldri. Haldnir voru fimm fundir sl. vetur.

Foreldrafundur (súpufundur) er haldinn að hausti fyrir báðar deildir. Þar er farið yfir dagskipulag leikskólans og helstu áherslur sem framundan eru í starfinu. Á þessum fundi eru kosnir foreldrar í foreldraráð og foreldrafélagið.

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum, á tímabilinu nóvember 2018 – maí 2019. Í viðtölunum er farið yfir líðan barnsins á leikskólanum, framfarir þess og væntingar foreldra til leikskólans. Viðtölin taka um 20 mínútur og sér deildarstjóri um þau.

Síðastliðið vetur var foreldrafélag Bergs endurvakið, í það völdust fimm kraftmiklir foreldrar. Haldnir hafa verið fundir með aðstoðarleikskólastjóra þar sem ákveðið hefur verið með hvaða hætti félagið styður við leikskólastarfið.

9 Samstarf leik- og grunnskóla

Mikið samstarf er á milli leikskólans, grunnskólans og frístundarinnar. Veturinn 2018 – 2019 verður jafnvel enn meira samstaf milli skólanna en verið hefur. Nú eru starfsmenn sem vinna á báðum skólastigum og við reynum að nýta húsnaðið sem best. Tíminn sem leikskólinn fær í íþróttahúsinu hefur verið lengdur þannig að leikskólabörnin fara oftari í íþróttir. Einnig fá leikskólabörnin til afnota tónlistarstofu, smíðastofu og almenna stofu á vissum tímum dagsins. Annan hvorn föstudag eftir hádegi frístundina.

Elstu börnin á Bergi fara reglulega í heimsókn í skólann og frístundina. Börnin í fyrsta bekk koma einnig í heimsókn á leikskólann. Leikskólinn nýtur líka góðs af íþróttahúsinu, börnin hafa þar fasta tíma einu sinni í viku. Á degi íslenskrar tungu koma börn í fjórða og fimmta bekk og lesa fyrir leikskólabörnin.

Unglingar í áttunda til tíunda bekk geta haft leikskólann sem val í námi sínu tvisvar á vetri, sex vikur í senn að hausti og vori. Hefur verið ásókn í það og mjög gaman að fá eldri nemendur til sín í nýju hlutverki.

Þróunarverkefnið „Læsi í sameinuðu skóla- og frístundastarfi á Kjalarnesi“ fór af stað síðastliðinn vetur og verður haldið áfram með það.

Haldið er sameiginlegt jólaball barnanna á Bergi og nemenda í 1. – 7. bekk. Þar koma allir saman ásamt foreldrum, ganga í kringum jólatré og syngja.

Útskrift elstu barna úr leikskólanum fer fram í sal Klébergsskóla en þar er svið og nóg pláss fyrir aðstandendur.

Börnum af leikskólanum er boðið á ýmsar uppákomur í Klébergsskóla, þar má nefna, síðustu æfingu fyrir árshátíð 1. – 7. bekkjar. Þessi þáttur er í mótun og er stefnt að því að nota vel þau tækifæri sem gefast.

Þar sem aðgengi að íþróttahúsi og sundlaug er gott nýtum við okkur það sem kostur er. Í vetur ætlum við prófa að fara með elstu börnin í leikskólanum í sund einu sinni í viku og við höldum áfram að fara reglulega í íþróttahúsið.

Börnin á Bergi koma í reglulegar heimsóknir á bókasafnið í Klébergsskóla.

Í vetur verðum við með sameiginlega söngstund með elstu börnunum á Bergi og nemendum í 1. bekk. Þessar söngstundir fara fram í grunnskólanum.

Auk þess sem hér er talið upp er samvinna varðandi grænfánaverkefnið, heilsueflandi grunn- og leikskóla og almennt varðandi stefnumótum. Við erum öll saman eitt samfélag á Klébergi.

10 Skipulagsdagar.

Við sameiningu leik- og grunnskólans var ákveðið að stefna að því að hafa 5 skipulagsdaga sameiginlega í leik- og grunnskólanum á Klébergi. Þrír af þessum starfsdögum eru síðan sameiginlegir með leik- og grunnskólum í Grafarvogi eins og SFS leggur upp með. Á skóladagatalinu eru þeir merktir „sameiginlegir“, en annars eru starfsdagarnir í leik- og grunnskólanum merktir gulir á skóladagatalinu.

11 Fylgigögn

11.1 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Starfsáætlun 2018 – 2019

Klébergsskóli – Leikskólinn Berg



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bára Birgisdóttir

Guðni Halldórsson

María Dögg Reginudóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlunir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Á leikskólanum Berg fer fram fjölbreytt og metnaðarfullt starf sem tekur á helstu grunnþáttum menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Starfsfólk leggur sig fram við að mæta kröfum Reykjavíkurborgar og samfélagsins og vinnur markvisst í því að efla málþroska og hljóðkerfisvitund barna okkar með markvissu starfi sem mætir nemendum á fjölbreyttan en kerfisbundinn hátt. Það leggur sig líka fram að bjóða upp á lestraefni til allra nemenda á mörgum tungumálum sem sannarlega bætir orðaforða barna okkar.

Á heildina litið er áætlunin afar vel unnin og lýsi vel starfinu framundan. Starfsfólk Berg skoðar vel þá þætti sem má bæta og vinnur jafnt og sést í stafi þeirra að unnið sé jafnt og þétt að umbótum.